



Borgarráð

Hallgerðargata 20 - Gjaldfrestur á greiðslu fyrir byggingarrétt á lóðinni.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að Brynju - hússjóði ÖBÍ, kt. 420369-6979, verði veittur gjaldfrestur á greiðslu fyrir hluta byggingarréttar vegna uppbyggingar á lóðinni Hallgerðargata 20. Gjaldfrestur er veittur fyrir þær 27 íbúðir sem félagið hyggst fjármagna með stofnframlagi. Gjaldlagi er framlengdur þar til stofnframlag fyrir íbúðirnar hefur verið samþykkt, þó ekki lengur en til 31. desember 2018.

Áskilið er að félagið greiði inn á byggingarréttinn innan 30 daga frá samþykkt þessari fyrir þær 10 íbúðir sem heimilt er að ráðstafa á frjálsum markaði.

Greinargerð: Brynju - hússjóði ÖBÍ var á fundi borgarráðs 4. maí 2017 úthlutað lóðinni Hallgerðargata 20 (lóð I). Heimilt er að byggja fjölbýlishús á lóð þessari með 37 íbúðum, þar af eiga 27 íbúðir að vera almennar íbúðir til leigu til örorkulífeyrisþega skv. lögum nr. 52/2016. Félaginu er jafnframt heimilað að ráðstafa 10 íbúðum sem sölu- eða leiguíbúðum á frjálsum markaði. Félagið hefur óskað eftir að það fái gjaldfrest á greiðslu fyrir byggingarrétt fyrir íbúðirnar 27, sem það áformar að fjármagna með stofnframlagi skv. lögum nr. 52/2016.

Brynja - hússjóður hefur þegar greitt áætlað gatnagerðargjald fyrir áætlað byggingarmagn á lóðinni.

Óli Jón Hertervig